



## Stjórn Úrvinnslusjóðs

350 stjórnarfundur, þriðjudaginn 19. september 2023 - kl. 09.00 – 10:00

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

### Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Til kynningar: (40 mín)
  - a. Drykkjarfergur – staða
  - b. Ársreikningur - staða
  - c. Olíusamningur - staða
  - d. Fyrirspurn frá fjárlaganefnd
  - e. Fræðslu og kynningarmál - staða
  - f. Sérstök söfnun – staða
  - g. Endurnýjun þjónustusamninga – staða
  - h. Raftækjapön, staða
  - i. Hagsmunaráð, staða
  - j. Áhættumat, bréf Ríkislögreglustjóra

### Fundinn sátu:

#### Stjórn:

Magnús Jóhannesson, formaður (MJ),  
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),  
Benedikt S. Benediktsson (BSB),  
Eygerður Margrétardóttir (EM),  
Guðný Hjaltadóttir (GH),  
Hildur Hauksdóttir (HH),  
Líf Magneudóttir (LM)

#### Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

#### Samantekt ákvarðana fundarins:

- Samþykkt var tillaga um breytingu á umbúðamódeli í viðauka XVIII við lög 162/2002 um úrvinnslugjald.

- Samþykkt að niðurstöður úrtakskannana vegna sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs verði birtar á vef Úrvinnslusjóðs.
- Stjórn samþykkti Revac Sverige AB sem þjónustuaðila vegna raftækja/kælitækja.
- Stjórn samþykkti Remondis Sweden AB sem þjónustuaðila vegna raftækja/ljósapera.
- Fundargerð fundar 350 var samþykkt.

#### Verkefni:

- Úrvinnslusjóður kanni hverjar geti verið orsakir tafa á skilum skilagreina vegna sérstakrar söfnunar á öðrum ársfjórðungi 2023.

#### DAGSKRÁ

1. Til kynningar:
  - a. Drykkjarfurnur  
Sagt frá framgangi úttektar.
  - b. Ársreikningur - staða  
Kallað hefur verið eftir drögum af ársreikningi frá Fjársýslu ríkisins en þeirra er að vænta.
  - c. Olíusamningur, staða  
Sagt frá vinnu við endurnýjun samnings.
  - d. Fyrirspurn frá fjárlaganefnd  
Skrifstofa Úrvinnslusjóðs svaraði fyrirspurn frá fjárlaganefnd fyrr í mánuðinum.  
Fyrirspurn og svar er kynnt stjórn.
  - e. Fræðslu- og kynningarmál  
Sagt frá vinnu við fræðslu- og kynningarmál. Hluti kynningarefnis er sýndur og sagt frá væntum birtingum.
  - f. Sérstök söfnun – staða  
Kynntar eru helstu niðurstöður úrtakskannana á Akureyri og í Grýtubakkahreppi. Samþykkt að niðurstöður úrtakskannana verði birtar á heimasíður Úrvinnslusjóðs.  
Sagt er frá því að enn hafi ekki skilað sér nema hluti skilagreina frá þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs vegna annars ársfjórðungs 2023 og því erfitt að segja fyrir um hvenær næstu greiðslur verði framkvæmdar. Samþykkt að niðurstöður úrtakskannana verði birtar á heimasíður Úrvinnslusjóðs. Samþykkt að Úrvinnslusjóður kanni hvað valdi töfum á skilum skilagreina frá þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs.
  - g. Endurnýjun þjónustusamninga  
Greint er frá framgangi við endurnýjun þjónustusamninga í kjölfar gildistöku nýrra skilmála.
  - h. Raftækjaþon staða  
Sagt frá undirbúningi fyrir Raftækjaþon sem haldið verður dagana 13.-14. október.

- i. Hagsmunaráð  
Boð um setu í hagsmunaráði var sent hagaðilum í annarri viku september. Tveir hafa þegið boð en frestur til að tilnefna tengilið er til og með 13. október.
- j. Áhættumat  
Lagt er fram bréf Ríkislögreglustjóra vegna áhættumats sem Úrvinnslusjóði ber að framkvæma á starfsemi sinni.

## 2. Umbúðamódel breytingar

Lagðar eru fyrir stjórn til samþykktar tillögur um breytingar á umbúðamódeli skv. viðauka XVIII við lög 162/2002 um úrvinnslugjald. Ráðgjafafyrirtækið Niras hefur unnið að viðbótum og breytingum módelisins til að verða við þörf sem skapaðist við álagningu úrvinnslugjalds á nýja vöruflokka. Umbúðamódel er ætlað til nota fyrir innflytjendur sem ekki hafa upplýsingar um hverjar eru megin sölu- eða flutningsumbúðir eða þekkja ekki þyngd umbúða. Geta þeir þá stuðst við upplýsingar módelisins. Fram kemur að breytingar og viðbætur varða einungis eiginleika umbúða en hafa ekki áhrif á einstakar vörur eða lýsingar þeirra samkvæmt tollskrá.

*Stjórn samþykkir tillögu um breytingu á umbúðamódeli skv. viðauka XVIII við lög 162/2002 um úrvinnslugjald.*

## 3. Nýir ráðstöfunaraðilar

Eftirfarandi aðilar hafa sótt um að gerast ráðstöfunaraðilar:

- Revac Sverige AB vegna raftækja þá helst kælitækja
- Remondis Sweden AB vegna raftækja/ljósapera

Úrvinnslusjóður hefur farið yfir umsóknir og metur aðila uppfylla skilyrði fyrir ráðstöfunaraðila.

*Stjórn samþykkir Revac Sverige AB sem þjónustuaðila.*

*Stjórn samþykkir Remondis Sweden AB vegna raftækja/ljósapera.*

## 4. Önnur mál

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn vekja athygli á því að kostnaður sveitarfélaga af sérstakri söfnun hafi aukist verulaga í kjölfar innleiðinga laga nr. 103/2021 þá umfram það sem nemi greiðslum frá Úrvinnslusjóði. Vonir sveitarfélaga standi til þess að Úrvinnslusjóður komi að einhverju leyti til móts við þessa kostnaðaraukningu. Einnig er þess óskað að sveitarfélögum verði leiðbeint betur varðandi hvernig hægt er að sækja greiðslur vegna söfnunar á víðavangi.

Þar sem þetta er síðasti stjórnarfundur á starfstíma núverandi stjórnar og stjórnarformaður hefur ekki gefið kost á sér til áframhaldandi setu þá þakkar hann stjórnarmönnum gott og ánægjulegt samstarf á starfstíma. Stjórnarmenn þakka stjórnarformanni sömuleiðis fyrir hans góðu störf.

5. Fundargerð fundarins  
Fundarritari leggur fram fundargerð.  
Stjórn samþykkir fundargerð án athugasemda.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 10.00